

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 21. maí 1991****um hreinsun skólps frá þéttbýli****(91/271/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í ályktun ráðsins frá 28. júní 1988 um verndun Norðursjávar og annars vatns í bandalaginu ⁽⁴⁾ var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram tillögur um ráðstafanir sem nauðsynlegt er að gera innan bandalagsins er miða að því að hreinsa skólps frá þéttbýli.

Mengun sem á rætur að rekja til ófullnægjandi hreinsunar skólps í einu aðildarríki kann að hafa áhrif á vatn í öðrum aðildarríkjum. Í samræmi við 130. gr. r er þörf á aðgerðum innan bandalagsins.

Til að koma í veg fyrir að umhverfið hljóti skaða af skólpi sem ekki hefur verið hreinsað á fullnægjandi hátt er bryn þörf á að skólps frá þéttbýli fari í tveggja þrepa hreinsun.

Á viðkvæmum svæðum er nauðsynlegt að krefjast enn fullkomnari hreinsunar en ella. Á síður viðkvæmum svæðum kann fyrsta stigs hreinsun að nægja.

Losun iðnaðarskólps í safnræsi og losun skólps og förgun seyru frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli ætti að lúta

almennum lögum og reglum og/eða vera háð sérstökum leyfum.

Viðhlítandi kröfur þyrfti að gera um skólps sem kemur frá tiltekinni iðnaðarstarfsemi og sem í eru efni er brotna niður líffræðilega og fara ekki gegnum skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli áður en þau eru losuð í viðtökuvatn.

Hvetja ætti til endurnýtingar seyru sem fellur til við hreinsun skólps. Draga ætti í áföngum úr förgun seyru í yfirborðsvatn.

Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með skólphreinsistöðvum, viðtökuvatni og förgun seyru til að tryggja verndun umhverfisins gegn skaðleum áhrifum sem losun skólps veldur.

Mikilvægt er að sjá til þess að upplýsingar um förgun skólps og seyru komi fyrir sjónir almennings með því að gefa út skýrslur reglulega.

Aðildarríkjunum ber að setja á stofn og kynna fyrir framkvæmdastjórninni innanlandsáætlanir um framkvæmd tilskipunar þessarar.

Skipa ætti nefnd til aðstoðar framkvæmdastjórninni í málum sem tengjast framkvæmd tilskipunar þessarar og aðlögun hennar að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun þessi tekur til söfnunar, hreinsunar og losunar skólps frá þéttbýli, svo og hreinsunar og losunar skólps frá tiltekinni iðnaðarstarfsemi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 1, 4.1.1990, bls. 20. og

Stjtið. EB nr. C 287, 15.11. 1990, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 260, 15.10. 1990, bls. 185.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 168, 10. 7. 1990, bls. 36.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 209, 9.8.1988, bls. 3.

Markmið tilskipunarinnar er að vernda umhverfið gegn spjöllum af völdum fyrrnefndrar losunar skólps.

2. gr.

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „þéttbýlisskólþ“: húsaskólþ eða blanda húsaskólps og iðnaðarskólps og/eða afrennslisregnavatns;
2. „húsaskólþ“: skólþ frá íbúðarhúsnaði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og til heimilisstarfa;
3. „iðnaðarskólþ“: skólþ frá húsnaði til verslunarreksturs eða iðnaðar annað en húsaskólþ og afrennslisregnavatn;
4. „þéttbýlisstaðir“: svæði þar sem þéttbýli er nægilegt og/eða atvinnustarfsemi nægilega mikil til að hægt sé að safna og veita skólpi frá þéttbýli til hreinsistöðva fyrir þéttbýlisskólþ eða til staðar þar sem það er endanlega losað;
5. „safnræsi“: kerfi sem ætlað er að safna og veita burt skólpi frá þéttbýli;
6. „1 p.e. (persónueining)“: magn sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g af súrefni á dag sem fimm sólarhringa lífefnafræðilega súrefnisþörf (BOD5);
7. „eins þreps hreinsun“: hreinsun skólps frá þéttbýli með eðlis- og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfalldar eða önnur hreinsun þar sem BOD5-gildi aðveituskólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í aðveituskólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%;
8. „tveggja þrepa hreinsun“: hreinsun skólps frá þéttbýli með aðferð sem oftast felur í sér líffræðilega hreinsun með eftirfellingu eða annað ferli þar sem farið er að kröfunum sem settar eru fram í 1. töflu í I. viðauka;
9. „viðunandi hreinsun“: hreinsun skólps frá þéttbýli með aðferð og/eða förgunarkerfi sem, eftir að losun hefur farið fram, tryggir að viðtökuvatnið sé í samræmi við gæðamarkmið og ákvæði þessarar tilskipunar og annarra tilskipana bandalagsins sem að þessu lúta;
10. „seyra“: hreinsuð eða óhreinsuð úrgangseyra frá hreinsistöðvum fyrir þéttbýlisskólþ;
11. „ofnæring“: ofauðgun næringarsalta í vatni, einkum efnasambanda köfnunarefnis og/eða fosfórs, sem veldur því að þörungur og æðri tegundir plantna vaxa hraðar

en ella, en það veldur óæskilegri röskun jafnvægis lífvera í vatninu og spillir gæðum vatnsins;

12. „ármynni“: árósar á mörkum ferskvatns og strandsjáv-ar. Aðildarríkin skulu ákveða ytri mörk (sjávarmegin) ármynna með hliðsjón af þessari tilskipun sem lið í framkvæmdaáætlun í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 17. gr.;
13. „strandsjór“: sjór utan við stórstraumsfjörumörk eða ytri mörk ármynnis.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir þéttbýlisstaðir hafi safnræsi fyrir skólþ,

— í síðasta lagi 31. desember 2000 þar sem fjöldi persónueininga (p.e.) er yfir 15 000, og

— í síðasta lagi 31. desember 2005 þar sem fjöldi persónueininga er milli 2 000 og 15 000.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þéttbýlisstöðum með meira en 10 000 p.e., þar sem skólpi er veitt í vatn er telst „viðkvæmt svæði“ samkvæmt 5. gr., verði komið safnræsi í síðasta lagi 31. desember 1998.

Þar sem lagning safnræsis þykir ekki álitlegur kostur, annaðhvort vegna þess að það hefur engin umhverfisbætandi áhrif eða hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta sjálfstæð kerfi eða önnur hagnýt kerfi sem vernda umhverfið á móta vel.

2. Safnræsið sem nefnt er í 1. mgr. skal uppfylla kröfum ar sem kveðið er á um í A-hluta I. viðauka. Þessum kröfum má breyta með þeim hætti sem segir í 18. gr.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skólþ frá þéttbýli sem rennur í safnræsi fari í tveggja þrepa hreinsun áður en því er veitt út í vatn eða sambærilega hreinsun samkvæmt eftirfarandi áætlun:

— allt frárennsli frá þéttbýlisstöðum með yfir 15 000 p.e. í síðasta lagi 31. desember 2000,

— allt frárennsli frá þéttbýlisstöðum með milli 10 000 og 15 000 í síðasta lagi 31. desember 2005 p.e.,

— frárennsli í ferskvatn og ármynni frá þéttbýlisstöðum með milli 2 000 og 10 000 p.e. í síðasta lagi 31. desember 2005.

2. Hreinsa má skólp frá þéttbýli, sem veitt er í vatn á hálandi (1 500 m yfir sjávarmáli og hærra) þar sem örðugt reynist að beita líffræðilegri hreinsun að gagni vegna lágs hita, með aðferðum þar sem ekki eru gerðar eins strangar kröfur og lýst er í 1. mgr., að því tilskildu að nákvæmar rannsóknir leiði í ljós að slík losun hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið.

3. Frárennsli skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli sem um getur í 1. og 2. mgr. skal uppfylla kröfurnar B-hluta I. viðauka. Þessum kröfum má breyta með þeim hætti sem segir í 18. gr.

4. Magnið sem gefið er upp í p.e. er reiknað út á grundvelli mesta meðalmagns á viku sem fer um hreinsistöðina á ári, að frádregnu því sem fellur til við óvenjulegar aðstæður sem kunna að skapast, svo sem vegna mikillar úrkomu.

5. gr.

1. Að því er varðar 2. mgr. skulu aðildarríkin hafa tilgreint viðkvæm svæði í síðasta lagi 31. desember 1993 í samræmi við viðmið þau sem sett eru fram í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skólp úr safnræsum þéttbýlisstaða með yfir 10 000 p.e. sé hreinsað enn frekar en lýst er í 4. gr. áður en það er losað á viðkvæm svæði, í síðasta lagi 31. desember 1998.

3. Skýlt er að frárennsli skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli sem um getur í 2. mgr. uppfylli kröfurnar samkvæmt B-hluta I. viðauka. Þessum kröfum má breyta með þeim hætti sem segir í 18. gr.

4. Á hinn bóginn er ekki nauðsynlegt að uppfylla kröfur sem gerðar eru til einstakra hreinsistöðva í 2. og 3. mgr. hér að ofan á viðkvæmum svæðum ef hægt er að sýna fram á að samanlagt heildarmagn fosfórs og köfnunarefnis til allra hreinsistöðva fyrir þéttbýlisskólp á því svæði minnki sem nemur að um að minnsta kosti 75%.

5. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. gilda um frárennsli skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli sem staðsettar eru á vatnasviði viðkvæmra svæða og valda mengun á þessum svæðum.

Ákvæði 9. gr. gilda ef ofanefnt vatnasviðið er að öllu leyti eða að hluta í öðru aðildarríki.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skráin yfir viðkvæm svæði sé endurskoðuð á minnst fjögurra ára fresti.

7. Aðildarríkin skulu sjá til þess að svæði sem teljast viðkvæm að lokinni endurskoðun samkvæmt 6. mgr. fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru hér að framan innan sjö ára.

8. Aðildarríki þarf ekki að tilgreina viðkvæm svæði í skilningi tilskipunar þessarar ef það sér til þess að hreinsunin sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr. fari fram á öllu yfirráðasvæði þess.

6. gr.

1. Að því er 2. mgr. varðar geta aðildarríkin fram til 31. desember 1993 hið síðasta tilgreint síður viðkvæm svæði samkvæmt þeim viðmiðum sem sett eru fram í II. viðauka.

2. Heimilt er að skólp frá þéttbýlisstöðum með milli 10 000 og 150 000 p.e. sem losað er í strandsjó svo og skólp frá þéttbýlisstöðum með milli 2 000 og 10 000 p.e. sem rennur í ármynni á svæðum sem um getur í 1. mgr. sé ekki hreinsað eins rækilega og mælt er fyrir um í 4. gr. að því tilskildu að:

— slíkt skólp fari að minnsta kosti í eins þreps hreinsun sem skilgreind er í 7. mgr. 2. gr. og viðhaft sé eftirlit í samræmi við D-hluta I. viðauka,

— ítarlegar rannsóknir bendi til þess að slíkt skólp hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið.

Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar um ofan nefndar rannsóknir.

3. Telji framkvæmdastjórnin að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. hafi ekki verið uppfyllt skal hún leggja viðeigandi tillögu fyrir ráðið.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skráin yfir síður viðkvæm svæði sé endurskoðuð á minnst fjögurra ára fresti.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að svæði sem ekki teljast lengur vera síður viðkvæm svæði fullnægi innan sjö ára þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt 4. og 5. gr.

7. gr.

Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. desember 2005 sjá til þess að skólp frá þéttbýli sem rennur í safnræsi verði hreinsað á viðunandi hátt áður en það er losað svo sem lýst er í 9. mgr. 2. gr. í eftirtöldum tilvikum:

— þegar losað er í ferskvatn og ármynni frá þéttbýlisstöðum með færri en 2 000 p.e.,

— þegar losað er í strandsjó frá þéttbýlisstöðum með færri en 10 000 p.e.

8. gr.

1. Aðildarríkin geta í undantekningartilvikum vegna tæknilegra örðugleika lagt sérstaka beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um lengri frest fyrir íbúa á afmörkuðum svæðum til að hlíta 4. gr.

2. Í beiðni þessari, sem skal vera rækilega rökstudd, ber að lýsa þeim tæknilegu örðugleikum sem við er að etja og setja fram tillögu um aðgerðaáætlun með viðeigandi tímaáætlun til að ná markmiðum tilskipunar þessarar. Þessi tímaáætlun skal fylgja framkvæmdaáætluninni sem um getur í 17. gr.

3. Aðeins er unnt að taka til greina ástæður af tæknilegum toga og fresturinn sem um getur í 1. mgr. má ekki vera lengri en til 31. desember 2005.

4. Framkvæmdastjórnin skal taka þessa beiðni til athugunar og gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við það sem segir í 18. gr.

5. Í undantekningartilvikum, þegar hægt er að færa sönnur á að þróaðri hreinsunaraðferðir hafi engin umhverfisbættandi áhrif, má á síður viðkvæmum svæðum hreinsa frárennsli frá þéttbýlisstöðum með meira en 150'000 p.e. samkvæmt hreinsunaraðferðinni sem kveðið er á um í 6. gr. um skólp frá þéttbýlisstöðum með milli 10 000 og 150 000 p.e.

Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin áður láta framkvæmdastjórninni í té viðeigandi skjöl. Framkvæmdastjórnin tekur málið til athugunar og gerir viðeigandi ráðstafanir með þeim hætti sem segir í 18. gr.

9. gr.

Ef vatn innan lögsögu aðildarríkis hefur spillst vegna losunar skólps frá þéttbýli annars aðildarríkis getur aðildarríkið þar sem vatn hefur spillst tilkynnt hinu aðildarríkinu og framkvæmdastjórninni um staðreyndir málsins.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu hafa, í tengslum við framkvæmdastjórnina þar sem við á, nauðsynlegt samráð um að finna frárennslið sem um ræðir og gera ráðstafanir við upp-tök þess til að vernda það vatn sem af þessu hefur mengast svo að tryggt sé að farið sé að ákvæðum tilskipunar þessarar.

10. gr.

Aðildarríkin skulu ábyrgjast að þær skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli sem byggðar eru með það í huga að standast kröfur 4., 5., 6. og 7. gr. séu hannaðar, byggðar, starfræktar og haldið við þannig að nægilega tryggt sé að þær starfi sem

skyldi við öll venjuleg veðurskilyrði á staðnum. Við hönnun stöðvanna skal taka tillit til árstíðabundinna magnsveiflna.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að losun iðnaðarskólps í safnræsi og skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli verði eigi síðar en 31. desember 1993 háð settum reglum og/eða sérstöku leyfi frá lögbæru yfirvaldi eða hlutaðeigandi aðila.

2. Skylt er að reglurnar og/eða starfsleyfin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í C-hluta I. viðauka. Breyta má þessum kröfum í samræmi við það sem segir í 18. gr.

3. Skylt er að yfirfara reglurnar og sérstöku leyfin reglulega og breyta ef nauðsyn krefur.

12. gr.

1. Hreinsað skólp skal endurnýtt þegar unnt er. Því skal fargað á þann hátt að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða.

2. Lögbær yfirvöld eða hlutaðeigandi aðilar skulu sjá til þess að förgun skólps frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli sé í samræmi við settar reglur og/eða sérstök leyfi.

3. Reglurnar og/eða sérstöku leyfin fyrir losun frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli samkvæmt 2. mgr. á þéttbýlisstöðum með 2 000 – 10 000 p.e. vegna losunar í ferskvatn og ármynni, og með 10 000 p.e. eða meira vegna allrar losunar, skulu fela í sér tiltekin skilyrði sem miða að því að fullnægja kröfunum sem settar eru í B-hluta I. viðauka. Breyta má þessum kröfum í samræmi við tilhögunina sem lýst er í 18. gr.

4. Skylt er að yfirfara reglurnar og/eða sérstöku leyfin reglulega og breyta ef nauðsyn krefur.

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. desember 2000 sjá til þess að skólp með efnunum sem brotna niður líffræðilega frá iðnaðarstarfsemi sem talin er upp í III. viðauka, og fer ekki um skólphreinsistöðvar fyrir þéttbýli áður en því er veitt í viðtökuvatn, fullnægi, áður en það er losað, skilyrðum sem sett eru samkvæmt reglum og/eða sérstöku leyfum lögbærs yfirvalds eða hlutaðeigandi aðila vegna allrar losunar frá starfsstöðvum með 4 000 p.e. eða fleiri.

2. Eigi síðar en 31. desember 1993 skal lögbært yfirvald eða hlutaðeigandi aðili í hverju aðildarríki gera kröfur í samræmi við eðli viðkomandi iðnaðarstarfsemi um losun slíks skólps.

3. Framkvæmdastjórnin gerir samanburð á kröfum aðildarríkjanna eigi síðar en 31. desember 1994. Hún birtir niðurstöðurnar í skýrslu og gerir viðeigandi tillögur ef nauðsyn krefur.

14. gr.

1. Seyra sem fellur til við hreinsun skólps skal endurnýtt þegar unnt er. Henni skal fargað á þann hátt að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða.

2. Lögbær yfirvöld eða hlutaðeigandi aðilar skulu sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 1998 sé förgun seyru frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli háð reglum, skráningarskyldu eða sérstöku leyfi.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 1998 verði hætt að farga seyru í yfirborðsvatn með því að varpa henni útbyrðis frá skipum, veita henni út um leiðslur eða með öðrum aðferðum.

4. Þar til förgunaraðferðirnar sem um getur í 3. mgr. eru aflagðar skulu aðildarríkin sjá til þess að förgun heildarmagns eiturefna, þrávirkra efna eða efna sem safnast fyrir í lífverum, og er að finna í seyru sem fargað er í yfirborðsvatn, sé háð leyfi og að hún fari síminnkandi.

15. gr.

1. Lögbær yfirvöld eða hlutaðeigandi aðilar skulu hafa eftirlit með:

— losun frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli til að staðfesta að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í B-hluta I. viðauka, í samræmi við eftirlitstillögum þá sem mælt er fyrir um í D-hluta I. viðauka,

— magni og samsetningu seyru sem fargað er í yfirborðsvatn.

2. Lögbær yfirvöld eða aðrir hlutaðeigandi aðilar hafa eftirlit með vatni sem skólpi frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli er veitt í eða losað er beint í samkvæmt 13. gr. ef hætta er á að viðtökuvatnið spillist verulega við það.

3. Í tilvikum þar sem losun er í háð ákvæðum 6. gr. og ef farga á seyru í yfirborðsvatn skulu aðildarríkin hafa eftirlit með og framkvæma hverjar þær rannsóknir sem hæfa til að staðfesta að losun eða förgun hafi ekki óæskileg áhrif á umhverfið.

4. Upplýsingum sem lögbær yfirvöld eða hlutaðeigandi aðilar safna samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. skal haldið til haga

í aðildarríkinu skal framkvæmdastjórnin hafa aðgang að þeim eigi síðar en hálfu ári eftir að beiðni þar að lútandi er móttekin.

5. Setja má fram leiðbeiningar um eftirlitið sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. með þeim hætti sem segir í 18. gr.

16. gr.

Án þess að brjóta í bága við framkvæmd ákvæða í tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál⁽¹⁾ skulu aðildarríkin sjá til þess að viðkomandi yfirvöld eða hlutaðeigandi aðilar gefi annað hvert ár út stöðuskýrslur um förgun skólps frá þéttbýli og seyru innan síns svæðis. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessar skýrslur undir eins og þær eru gefnar út.

17. gr.

1. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 31. desember 1993 gera áætlun um framkvæmd tilskipunar þessarar.

2. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 30. júní 1994 veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um áætlunina.

3. Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn krefur, sjá framkvæmdastjórninni fyrir endurskoðuðum upplýsingum samkvæmt 2. mgr. eigi síðar en 30. júní annað hvert ár.

4. Aðferðirnar sem notaðar eru, að fullnægðum formkröfunum sem gerðar eru til þess að skilyrðum um tilkynningu um áætlanir einstakra landa sé fullnægt, skulu ákveðnar með þeim hætti sem segir í 18. gr. Þær breytingar sem gerðar kunna að vera á þessum aðferðum og fyrirkomulagi skulu teknar upp með sama hætti.

5. Annað hvert ár endurskoðar framkvæmdastjórnin og metur þær upplýsingar sem berast samkvæmt 2. og 3. mgr. hér að ofan og gefur út skýrslu þar að lútandi.

18. gr.

1. Framkvæmdastjórnin nýtur aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar er formaður hennar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álit skal samþykkt af meirihluta svo sem kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, er ætlað að samþykkja. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna innan nefndarinnar skulu vegin á þann hátt sem lýst er í sömu grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 158, 23.6. 1990, bls. 56.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun á grundvelli aukins meirihluta.

Ef ráðið hefur ekki samþykkt fyrirhugaðar ráðstafanir innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það, skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær nema ráðið hafi hafnað þeim með einföldum meirihluta.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1993. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vísað í þeim til tilskipunar þessarar eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin mæla fyrir um þá aðferð sem beitt er við slíkar tilvísanir.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. maí 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

R. STEICHEN

forseti.

I. VIDAUKI

KRÖFUR VEGNA SKÓLPS FRÁ ÞÉTTBÝLI

A. Safnræsi⁽¹⁾

Við lagningu safnræsa skal hafa í huga kröfur þær sem gilda um hreinsun skólps.

Hönnun, lagning og viðhald safnræsa skal samræmast bestu tækniþekkingu sem völ er á og hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað, einkum að því er varðar:

- magn og eðli skólps frá þéttbýli,
- lekavarnir,
- takmörkun mengunar viðtökuvatns vegna yfirfalls úrkomuvatns.

B. Frárennsli skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli í viðtökuvatn⁽¹⁾

1. Skólphreinsistöðvar skal hanna eða breyta þannig að unnt sé að taka dæmigerð sýni af aðveituskólpi, svo og hreinsuðu frárennsli áður en það er losað í viðtökuvatn.
2. Frárennsli skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli sem hreinsa á í samræmi við 4. og 5. gr. skal uppfylla kröfur þær sem fram koma í 1. töflu.
3. Frárennsli skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli til viðkvæmra svæða þar sem ofnæring getur átt sér stað eins og um getur í a-lið A-hluta II. viðauka skal að auki uppfylla kröfur þær sem fram koma í 2. töflu þessa viðauka.
4. Beita skal strangari kröfum en þeim sem fram koma í 1. töflu og/eða 2. töflu þessa viðauka ef nauðsyn krefur til að tryggt sé að viðtökuvatnið uppfylli kröfur sem gerðar eru samkvæmt öðrum tilskipunum um þessi efni.
5. Losunarstaðir skólps frá þéttbýli skulu, eftir því sem kostur er, valdir með það í huga að viðtökuvatn spillist sem minnst.

C. Iðnaðarskólp

Iðnaðarskólp sem veitt er í safnræsi og til skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli skal forhreinsað eins og krafist er til að:

- vernda heilsu starfsfólks sem vinnur við safnræsi og hreinsistöðvar,
- tryggja að safnræsi, skólphreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum,
- tryggja að starfsemi skólphreinsistöðvarinnar og hreinsun seyru verði ekki fyrir truflunum,
- tryggja að frárennsli hreinsistöðva spilli ekki umhverfinu eða komi í veg fyrir að viðtökuvatn uppfylli kröfur annarra tilskipana bandalagsins,
- tryggja að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt og viðunandi fyrir umhverfið.

D. Tilvísunaraðferðir við eftirlit og mat á niðurstöðum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlitsaðferðir þær sem beitt er séu að minnsta kosti í samræmi við þær kröfur sem lýst er hér að neðan.

Beita má öðrum aðferðum en þeim sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. að því tilskildu að hægt sé að færa sönnur á að sambærilegar niðurstöður fáiist.

Aðildarríkin skulu sjá framkvæmdastjórninni fyrir viðhlítandi upplýsingum um þá aðferð sem beitt er. Telji framkvæmdastjórnin að skilyrðin sem sett eru í 2., 3. og 4. mgr. séu ekki uppfyllt leggur hún tillögu fyrir ráðið.

⁽¹⁾ Í reynd er ógerlegt að gera safnræsi og hreinsistöðvar þannig úr garði að hægt sé að hreinsa allt skólp við aðstæður sem heyra til undantekninga, t.d. í úrhellisrigningum, og því skulu aðildarríkin ákveða hvernig takmarka megí mengun vegna yfirfalls úrkomuvatns. Slíkar ráðstafanir gætu grundvallast á þynningarhraða eða afkastagetu lagnar með hliðsjón af flæði í þurrviðri eða byggst á tilteknum fjölda yfirfalla sem telst viðunandi á ári.

2. Sýni eru tekin með jöfnu millibili yfir sólarhring sem miðast við hlutfall flæðis eða hlutfall á sólarhring á ákveðnum stað í frárás og, ef nauðsyn krefur, í aðrás hreinsistöðvarinnar til að fylgjast með því hvort farið er að kröfum tilskipunar þessarar um losun skólps.

Beita skal viðurkenndum alþjóðlegum rannsóknaraðferðum sem miða að því að gæði sýna rýrni sem minnst frá því að þeim er safnað þar til þau eru greind.

3. Lágmarksfjöldi sýna á ári skal ákveðinn í samræmi við stærð hreinsistöðvarinnar og sýnunum safnað með reglulegu millibili allt árið.

— 2 000 til 9 999 p.e.: 12 sýni á fyrsta ári.

Síðan eru tekin fjögur sýni næstu árin, sé hægt að sýna fram á að vatnið sem rannsakað er fyrsta árið standist kröfur tilskipunar þessarar. Ef eitt fjögurra sýnanna stenst ekki settar kröfur skal taka 12 sýni næsta ár á eftir.

— 10 000 til 49 999 p.e.: 12 sýni.

— 50 000 p.e. eða fleiri: 24 sýni.

4. Hreinsað skólpl telst í samræmi við færðbreyturnar ef skólpsýnin, fyrir hverja færðbreytu um sig, samræmast eftirfarandi ákvæðum:

- vegna þeirra færðbreyta sem tilgreindar eru í 1. töflu og 7. mgr. 2. gr. er leyfilegur hámarksfjöldi sýna, sem uppfylla ekki kröfur 1. töflu og 7. mgr. 2. gr. og gefnar eru upp sem styrkur og/eða lækkun miðað við hundraðshluta, tilgreindur í 3. töflu,
- vegna færðbreytanna í 1. töflu sem gefnar eru upp sem styrkur mega sýnin sem ekki standast settar kröfur og eru tekin við venjulega starfrækslu ekki víkja meira frá settum færðbreytum en 100%. Að því er varðar færðbreytur fyrir styrk miðað við heildarmagn svifagna má frávikið nema allt að 150%,
- vegna færðbreytanna sem tilgreindar eru í 2. töflu skal ársmeðaltal sýnanna fyrir hverja færðbreytu uppfylla kröfur um viðeigandi færðbreytur.

5. Ekki skal taka mark á gildum sem eru mjög frábrugðin því sem venjulegt getur talist, einkum ef rekja má þau til aðstæðna sem heyra til undantekninga, t.d. vegna mikillar úrkomu.

I. tafla: Kröfur sem gilda um frárennsli frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli samkvæmt 4. og 5. gr. tilskipunarinnar. Gildin fyrir styrk eða lækun miðað við hundraðshluta skulu eiga við.

Færibreytur	Styrkur	Lágmarkslækun miðað við hundraðshluta ⁽¹⁾	Tilvísunaraðferð við mælingar
Lífefnafræðileg súrefnisþörf (BOD5 við 20°C) án nítrunar ⁽²⁾	25 mg/l O ₂	70 til 90 40 miðað við 2. mgr. 4. gr.	Einsleitt, ósíað og óafhellt sýni. Mæling uppleysts súrefnis á undan og eftir fimm daga ræktun við 20°C ± í algjöru myrkri. Nítrunarlata bætt við.
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	125 mg/l O ₂	75	Einsleitt, ósíað og óafhellt sýni. Kalíumdíkrómataðferð.
Heildarmagn svifagna.	35 mg/l ⁽³⁾ 35 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. (meira en 10 000 p.e.) 60 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. (2 000 – 10 000 p.e.)	90 ⁽³⁾ 90 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. (meira en 10 000 p.e.) 70 samkvæmt 2. mgr. 4. gr. (2 000 – 10 000 p.e.)	— Sýun dæmigerðs sýnis í gegnum 0,45 µm himnu. Þurrkað við 105 °C og vegið. — Skiljun dæmigerðs sýnis (í að minnsta kosti fimm mínútur með 2 800 til 3 200 g meðalhröðun), þurrkað við 105 °C og vegið.

⁽¹⁾ Lækun miðað við styrk í skólpi sem streymir inn.

⁽²⁾ Setja má aðra færibreytu inn í stað þessarar: heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) eða heildarsúrefnisþörf (TOD) ef hægt er að sýna fram á tengsl milli BOD5 og færibreytunnar sem kemur í stað þeirrar upprunalegu.

⁽³⁾ Þessi krafa er valfrjál.

Greining á skólpi frá lónum skal gerð með því að nota síuð sýni; styrkur heildarmagns svifagna í ósíuðum vatnssýnum skal ekki fara yfir 150 mg/l.

2. tafla: Kröfur sem gilda um frárennsli frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli til viðkvæmra svæða þar sem ofnæring getur átt sér stað eins og um getur í a-lið A-hluta II. viðauka. Beita má annarri eða báðum færíbreytunum með hliðsjón af staðháttum. Gildin fyrir styrk eða hundradshlutaþækkun skulu eiga við.

Færíbreytur	Styrkur	Lágmarkslækkun miðað við hundradshluta ⁽¹⁾	Tilvísunaraðferð við mælingar
Heildarstyrkur fosfórs.	2 mg/l P (10 000 – 100 000 p.e.) 1 mg/l P (meira en 100 000 p.e.)	80	Sameindagleyfnitrófs-mæling.
Heildarstyrkur köfnunarefnis. ⁽²⁾	15 mg/l N (10 000 – 100 000 p.e.) 10 mg/l N (meira en 100 000 p.e.) ⁽³⁾ .	70 – 80	Sameindagleyfnitrófs-mæling.

⁽¹⁾ Lækkun miðað við styrk í skólpi sem streymir inn.

⁽²⁾ Heildarstyrkur köfnunarefnis merkir: Heildarsumma Kjeldahl-köfnunarefnis (lífrænt N + NH₃ – N), nítrat-köfnunarefni (NO₃ – N) og nítrít-köfnunarefni (NO₂)-köfnunarefni.

⁽³⁾ Annar kostur er sá að sólarhringsmeðaltal fari ekki yfir 20 mg/l N. Miðað er við 12 °C vatnshita eða hærri meðan líffræðilegur hvarfvaki skólphreinsistöðvarinnar starfar. Í stað kröfunnar um hitastig má starfrækja hreinsistöð tímabundið ef tillit er tekið til veðurskilyrða á staðnum. Nýta má þennan möguleika ef hægt er að færa sönnur á að ákvæðum 1. mgr. D-hluta I. viðauka sé fullnægt.

3. tafla

Sýni sem tekin eru ár hvert	Leyfilegur hámarks- fjöldi sýna sem ekki uppfylla settar kröfur
4 – 7	1
8 – 16	2
17 – 28	3
29 – 40	4
41 – 53	5
54 – 67	6
68 – 81	7
82 – 95	8
96 – 110	9
111 – 125	10
126 – 140	11
141 – 155	12
156 – 171	13
172 – 187	14
188 – 203	15
204 – 219	16
220 – 235	17
236 – 251	18
252 – 268	19
269 – 284	20
285 – 300	21
301 – 317	22
318 – 334	23
335 – 350	24
351 – 365	25

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐ UM ÞAÐ HVAÐA SVÆÐI SKULI TALIN VIÐKVÆM EÐA SÍÐUR
VIÐKVÆM SVÆÐI

A. Viðkvæm svæði

Vatnumhverfi skal teljast viðkvæmt svæði ef það fellur undir einn eftirtalinna flokka:

- a) stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað ferskvatn, ármynni og strandsjór þar sem ofauðgun næringarefna hefur orðið eða getur orðið í náninni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana.
Eftirfarandi þættir skulu hafðir í huga þegar ákvörðun er tekin um úr hvaða næringarsöltum á að draga með frekari hreinsun:
 - i) stöðuvötn og vatnsföll sem tengjast stöðuvötnum, neysluvatnslónum eða lokuðum flóum þar sem endurnýjun vatns er lítil og uppsöfnun getur átt sér stað. Á þessum svæðum er nauðsynlegt að fjarlægja fosfór nema hægt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á ofnæringarstigið. Þar sem losun frá fjölmennum þéttbýlisstöðum á sér stað er ef til vill einnig þörf á að fjarlægja köfnunarefni,
 - ii) ármynni, flóar og annar strandsjór þar sem endurnýjun vatns er lítil eða aðflutningur næringarsalta mikill. Losun frá fámennum þéttbýlisstöðum hefur allajafna lítil áhrif á þessum svæðum, en þegar fjölmennir þéttbýlisstaðir eiga í hlut ætti að fjarlægja fosfór og/eða köfnunarefni nema hægt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á ofnæringarstigið,
- b) ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar og kann að hafa meiri köfnunarefnisstyrk en kveðið er á um í viðeigandi ákvæðum í tilskipun ráðsins 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar⁽¹⁾, ef ekki er gripið til ráðstafana,
- c) svæði þar sem þörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 4. gr. þessarar tilskipunar svo farið sé að tilskipunum ráðsins.

B. Síður viðkvæm svæði

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra aðstæðna, vatnafræðilegra aðstæðna eða annarra sérstakra aðstæðna á svæðinu.

Aðildarríkin skulu, þegar meta skal hvaða svæði teljist síður viðkvæm, hafa til hliðsjónar þá áhættu að losað skólp getur borist til aðliggjandi svæða þar sem það getur skaðað umhverfið. Aðildarríkin skulu viðurkenna tilvist viðkvæmra svæða utan lögsögu þeirra.

Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind:

Opna flóa, ármynni og annan strandsjó þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 34 eins og henni var breytt með tilskipun 79/869/EBE (Stj. tíð. EB nr. L 271, 29. 10. 1979, bls. 44).

*III. VIÐAUKI***ÍÐNADARSTARFSEMI**

1. Mjólkurvinnsla.
 2. Framleiðsla ávaxta- og grænmetisafurða.
 3. Framleiðsla og átöppun óáfengra drykkja á flöskur.
 4. Kartöfluvinnsla.
 5. Kjötiðnaður.
 6. Ölgerðir.
 7. Framleiðsla vínanda og áfengra drykkja.
 8. Framleiðsla á dýrafóðri úr jurtaafurðum.
 9. Framleiðsla gelatíns (hlaupefnis) og líms úr húðum, skinni og beinum.
 10. Maltgerðarhús.
 11. Fiskvinnsla.
-